

Alþingi, nefndasvið

Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
B.t. nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 28. febrúar 2017  
Tilvísun: 2016100047  
SE/HMS/HrH  
Tilv. ykkar:

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, þingskjal 187 – 128. mál.**

Með tölvubréfi dags. 10. febrúar sl. er Vegagerðinni sent til umsagnar ofangreint frumvarp sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi. Vegagerðin hefur það hlutverk skv. 7. gr. laga nr. 120/2012 um Vegagerðina að annast rekstrarverkefni ríkisins á sviði almenningssamgangna og hafa ákvæði frumvarpsins áhrif hvað varðar almenningssamgöngur á landi. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins eru tekin af tvímæli um að hlutverk Vegagerðarinnar við framkvæmd laganna verður að sjá um skipulag almenningssamgangna í landinu.

Ákvæði 7. gr. frumvarpsins eru að stórum hluta í samræmi við núverandi skipan mála og gildandi lög sem gera ráð fyrir að heimilt sé að veita sveitarfélögum einkarétt á reglubundnum fólksflutningum. Það nýmæli er að finna í 2. mgr. 7. gr. að gert er að skilyrði þess að veittur sé einkaréttur að Vegagerðin hafi látið fara fram kostnaðar- og samkeppnismat þannig að fyrir liggi að sannanlega sé þörf fyrir opinbera framlög til að tryggja lágmarkspjónustu á sviði reglubundinna farþegaflutninga. Horfa yrði til þessa ákvæðis við endurnýjun samninga við samtök sveitarfélaga sem í dag fara almennt með skipulag þessara flutninga á grundvelli einkaleyfis eins og það er nefnt í gildandi lögum.

Frekari nýmæli er að finna í IV. kafla um samninga um opinbera þjónustu, sem fela í sér innleiðingu ákvæða EES reglna á þessu sviði. Meginbreytingar lúta að gerð samninga um opinbera þjónustu, innihald þeirra, útboðsskyldu, o.fl. Einnig eru í V. kafla laganna innleidd ákvæði EES-reglna um réttindi farþega.

Framangreind ákvæði frumvarpsins munu hafa áhrif á framkvæmd almenningssamgangna en ekki liggur fyrir hvort gera þarf ráð fyrir auknum útgjöldum hjá Vegagerðinni vegna þess.

Vegagerðin telur að öðru leyti ekki tilefni til athugasemda af hálfu stofnunarinnar við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson

vegamálastjóri